

## FUNDARGERÐ

344. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 12. nóvember 2024 kl. 14:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri .

Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) mætti til fundar eftir dagskrárlið 2.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### **Dagskrá:**

---

- 1 Vatnsveita Hallormsstað
  - 2 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF
  - 3 Gjaldskrár – texti
  - 4 Lög og reglur veitna
  - 5 Netöryggi
  - 6 Desemberfundur Samorku
  - 7 Verkefni í gangi / áætlanir
    - a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog
    - b. Fráveita á Djúpavogi
    - c. Endurnýjanir gatna
  - 8 Önnur mál
    - a. Vöktun og eftirlit
- 

### **1 Vatnsveita Hallormsstað**

Málið var á dagskrá fundar 343, (7.d). Undirbúningur er á lokastigi, framkvæmdir hefjast í vikunni, enn er beðið eftir tækjum í rýmið. Búast má við truflun á afhendingu vatnsins meðan á framkvæmdum stendur. Íbúum stendur til boða að skrá símanúmer sín á lista sem notaður verður til að senda tilkynningar vegna framkvæmdanna. Vonast er til að framkvæmdum ljúki í mánuðinum (nóvember), en gott vatn verði komið til íbúa nokkru fyrir lok mánaðarins.

### **2 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF**

Málið var áður á dagskrá 342. og 343. fundar. Verkefnastjóri hefur unnið í stefnu þjónustubátta sem snúa að starfsemi veitunnar og nú samræmt nýlega samþykktari fjárfestingaáætlun félagsins.

Stjórn samþykkir stefnumál HEF í þjónustustefnu Múlaþings fyrir Borgarfjörð eystri, Seyðisfjörð og Djúpavog og felur framkvæmdastjóra að koma skjalinu til skrifstofustjóra Múlaþings.

*HHÁ mætti til fundarins.*

### **3 Gjaldskrár – texti**

Gjaldskrárskjöl eru tilbúin með upphæðum í samræmi við fyrri ákvörðun stjórnar um breytingar.

Skjölin yfirfarin. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi skjöl og felur framkvæmdastjóra að koma þeim í rétta farvegi til samþykktar stofnana og útgáfu.

#### 4 Lög og reglur veitna

Fráveitutilskipun Evrópu: 5. nóvember s.l. gaf Evrópusambandið út nýja tilskipun um aukna hreinsun fráveitu. Íslenska fráveitureglugerðin er í vinnslu í ráðuneyti.

Tæknilegir tengiskilmálar vatnsveitna hafa verið í endurskoðun hjá Samorku. Stefnt er að samráði með stjórnvöldum við fyrsta mögulega tækifæri. Líklegt þykir að tengiskilmálarnir verði gefnir út af stjórnvöldum sem reglugerð, líkt og gert var með tæknilega tengiskilmála hitaveitna (2021).

Til upplýsingar.

#### 5 Netöryggi

Tæknistjóri HEF hefur verið að skoða netöryggismál félagsins. Fyrir liggur minnisblað með tillögum til úrbóta / uppfærslu netöryggisbúnaðar. Stjórn samþykkir að fara þá leið sem mælt er með í minnisblaðinu og felur framkvæmdastjóra að ljúka málinu.

#### 6 Desemberfundur Samorku

Árlegur desemberfundur Samorku verður haldinn 4. desember nk. Til upplýsingar.

#### 7 Verkefni í gangi / áætlanir

##### a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog

Stofnlögn komin í jörð alla leið og hefur verið tengd við núverandi vatnslögn. Dælur og lokahús væntanlegt í vikunni. Vinna rafvirkja og pípara, við frágang á borholum hefst á næstu dögum. Unnið verður að grjótvörn í kringum borholur og frágangi við lokahús í kjölfarið.

##### b. Fráveita á Djúpavogi

Framkvæmdum við fyrsta áfanga endurnýjunar fráveitu á Djúpavogi er lokið. Búnaður hefur verið gangsettur og virkar sem skyldi.

##### c. Endurnýjanir gatna

Undirbúningur og hönnun næstu gatna í endurnýjun veitukerfa er hafinn. Stefnt að framkvæmdum næsta sumar samhliða endurnýjun yfirborðs.

#### 8 Önnur mál

##### a. Vöktun og eftirlit

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu vöktunar stjórnkerfa veitunnar. Allnokkuð hefur áunnist undanfarin misseri og markmið að gera enn meira og betur.

Fundi slitið kl. 15:55.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

*Undirritanir á næstu síðu.*

